

8. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík fimmtudaginn 7. apríl 2016 kl. 08:15

Mætt: Arnar Guðmundsson, Elías Pétursson, Sif Jóhannesdóttir og Aðalsteinn Árni Baldursson sem var í símasambandi. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Ársreikningar AP 2015

Fyrir liggja ársreikningar félagsins fyrir árið 2015 ásamt endurskoðunarskýrslu löggilts endurskoðanda. Farið var yfir megin niðurstöður reikninganna og einstaka liði til frekari skýringa. Heildartekjur voru 42,9 mkr. og eru nokkuð hærri en á fyrra ári sem skýrist fyrst og fremst af tekjum vegna samnings við Byggðastofnun vegna byggðaeftlingarverkefnisins *Brothættar byggðir* en einnig aukast verkefnatekjur á milli ára. Rekstrargjöld vaxa einnig sem rekja má til sömu atriða, þ.e. að ráðinn var nýr starfsmaður til að sinna byggðaeftlingarverkefninu en einnig urðu breytingar á kjarasamningum á árinu. Heildarrekstrarkostnaður var 42,3 mkr. og rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði því 0,6 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 0,5 mkr. Rakstrarafgangur var því 1,1 mkr. en þar sem félagið er tekjuskattsskylt og á ekki uppsafnað frádráttarbært tap greiðir það tekjuskatt þannig að rekstrarafgangur ársins var tæpar 900 þús. kr.

Heildareignir eru 24,8 mkr. þar af eru 19,6 mkr. veltufé og handbært fé er 15,9 mkr. í árslok. Heildarskuldir og skuldbindingar félagsins eru 21,7 mkr. en þar ef eru 13 mkr. vegna yfirtöku eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs sem haldið er sérgreindum í efnahag. Eigið fé félagsins er því í árslok bókfært á 3,1 mkr.

Að yfirferð lokinni var farið yfir endurskoðunarbréf löggilts endurskoðanda og ársreikningarnir því næst samþykktir samhljóða og undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra.

2. Ársreikningur Vaxtarsamnings Norðausturlands 2015

Farið yfir fyrirbyggjandi ársreikning vaxtarsamningsins fyrir árið 2015. Ekki var um að ræða nein ný framlög árinu þar sem sjóðurinn hefur verið lagður niður. Starfsemin felst í eftirfylgni með þeim verkefnum sem hlotið höfðu styrk á fyrri árum .

Að yfirferð lokinni var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

3. Aðalfundur

Vegna árekstra við aðra fundi staðfesti stjórn þá ákvörðun að halda aðalfund félagsins nk. mánudag kl. 13:30 í Skúlagarði. Fundarboð var sent út með lögboðnum fyrirvara.

Framkvæmdastjóra falið að útvega starfsmenn fundarins, fundarstjóra og fundarritara.

Rætt um undirbúning stjórnarkjörs og munu stjórnarmenn kanna hug hluthafa til þess fyrir aðalfundinn.

Samþykkt að veita Sælusápum - Guðríði Baldvinsdóttur hvatningarverðlaun félagsins 2016.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann hefði sótt aðalfund Mývatnsstofu ehf. í gær og að þar hefðu átt sér stað talsverðar umræðum um þéttara samstarf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á starfssvæði atvinnuþróunarfélagsins. Kom þar m.a. fram áhugi á því að félagið aðstoðaði hagsmunaaðila í því sambandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:15